

Tillaga

Til : Bryndís Ósk Jónsdóttir;
Frá : Daníel Jakobsson <dja@afish.is>
CC : Birgir Gunnarsson;
Heiti : Tillaga
Málsnúmer : 2021110044
Málsaðili : Ísafjarðarbær
Skráð dags : 28.01.2022 13:59:39
Höfundur : Daníel Jakobsson <dja@afish.is>

Lagt er til að skipulagsnefnd verði falið að endurskoða **Reglur um úthlutun á lóðum fyrir íbúðar-, sumarhúsa- og atvinnuhúsnæði** og **gjaldskrá gatna- og byggingarleyfisgjalda** verði endurskoðuð .

Greinagerð:

Í núverandi reglum er bæjaryfirvöldum gert erfitt um vik að verða við beiðnum um að úthluta lóðum/svæðum á óskipulögðum svæðum nema að undangenginni auglýsingu. Það gerir það að verkum að þegar að aðilar fá hugmyndir sem að þeir vilja þróa í samstarfi við bæinn er ekki hægt að verða við því.

Í því samhengi má benda á grein 1,4 þar sem segir að "Ef sótt er um lóð á óskipulögðu svæði er lóðarumsókn hafnað". Þessi málsgrein dregur úr hvata aðila til þess að sækja um til bæjarins lóðir á óskipulögðum svæðum vegna þess að ef vel er tekið í hana þá þarf bærinn að skipuleggja og auglýsa þær. Því er lagt til að þessari grein verði breytt og í staðin komi. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er heimilt að úthluta lóðum án auglýsingar á óskipulögðum svæðum.

Einnig er mikilvægt að gjaldskrár vegna byggingar atvinnu- og íbúarhúsnæðis séu samkeppnishæfar við önnur sveitarfélög því er mikilvægt að yfirfara þær og bera saman við önnur sveitarfélög og að þær séu þannig að hvati sé fyrir íbúa og fyrirtæki að byggja sem skapar bæði störf og tekjur fyrir samfélagið til framtíðar.

Kær kveðja | Best regards

Daníel